

Fundargerð verkefnastjórnar Sóknaráætlunar Suðurlands 2015

nr. 4

Hótel Selfossi, 16. júní, kl. 10:30

Mætt voru: Sandra Dís Hafþórsdóttir formaður verkefnastjórnar, Páll Marvin Jónsson, Runólfur Sigursveinsson og Bryndís Björk Hólmarsdóttir. Guðrún Hafsteinsdóttir boðaði forföll. Einnig sátu fundinn Bjarni Guðmundsson framkvæmdarstjóri SASS og Þórður F. Sigurðsson ráðgjafi sem jafnframt ritaði fundargerð.

Uppbyggingarsjóður:

1. Vor úthlutun 2015

Ráðgert er að kynna niðurstöðurnar í tölvupósti þann 26. júní n.k. Umsækjendum hefur þegar verið tilkynnt um dagsetninguna.

2. Staða eldri styrkveitinga

Frestað til næsta fundar.

Stefnumörkun og áhersluverkefni:

3. Dagskrá fundar samráðsvettvangsins

Til kynningar.

4. Verkefnatillögur 2015

Til umræðu.

5. Verkefnatillögur 2016 - 2019

Verkefnastjóra falið að kynna niðurstöður samráðsvettvangsins opinberlega með fréttatilkynningu á svæðismiðla og með góðri kynningu á heimasíðu SASS þegar þar að kemur. Settar verða upp leiðbeiningar á vefnum um skil á verkefnatillögum til verkefnastjórnar. Auglýst verður sérstaklega eftir verkefnatillögum á haustmánuðum samhliða þess að starfshópar verða skipaðir og kallaðir saman.

Almennt:

6. Starfsáætlun verkefnastjórnar

Næsti fundur verður haldinn 24. júní og áætlað er að fyrsti fundur eftir sumarfrí verði 11. september kl. 12:00.

7. Samskipti við ráðuneyti

Til kynningar:

a) Svar við fyrirspurn um skipan úthlutunarnefnda og samráðsvettvanga

8. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 12:00.